

Skólaráð Þingeyjarskóla

Fundur haldinn í Þingeyjarskóla mánudaginn 5. maí kl. 9:00.

Mættir: Lilja, Þórdís, Erna, Sunneva, Sunna, Katla, Álfrós og Hinrik.

Efni fundar:

- **Skóladagatal 2025-2026.**

Lilja sýnir fundinum skóladagatal næsta skólaárs. Ekki endanleg mynd en allt að verða nokkuð skýrt. Ekki miklar umræður, foreldrar ánægðir að sjá seinkun á viðtölum að hausti.

- **Skólaþjónusta Þingeyjarsveitar.**

Lilja segir frá nýstofnaðri Skólaþjónustu Þingeyjarsveitar og hver helstu verkefni hennar og starfsmenn eru.

- **Innra mat grunnskóla.**

Lilja útskýrir hvað innra mat er og hver er tilgangurinn með því. Opnar umbótaáætlun og sýnir stuttlega en hvetur fólk til að skoða hana betur á heimasíðu grunnskólans.

- **Önnur mál.**

- Næsta skólaár.

Grunnskólanemendur verða að öllum líkindum 62 talsins. Stór árgangur að útskrifast og því um 15% fækkun nemenda á milli ára. Áhersla áfram á hátt þjónustustig við nemendur.

- Samþætt íþrótt- og frístundastarf.

Sagt frá þeim íþróttum sem hafa verið einu sinni í viku í frístund í vetur. Meira um frjálsan íþróttatengdan leik en skipulagt íþróttastarf. Vilji hjá Eflingu og skólustjóra að halda slíku samstarfi áfram. Hugmynd um að kanna hug foreldra með foreldrakönnun. Talað um að hafa ekki of einhæft, kynna nemendur frekar fyrir ólíkum íþróttum.

- Spurning frá fulltrúa nemenda hvenær hin körfuboltakarfan komi upp. Lilja segir frá því að bréf hafi verið sent til sveitarstjóra af 8. og 9. bekk um umhverfi og skólalóð. Umræða fer af stað um það hvort ný karfa geti verið svo dýr að ekki sé hægt að kaupa bara nýjar. Eins er rætt um róluleysi á skólalóðinni. Spurning með

battavöllinn sem til er á Laugum. Einhverjir úr foreldrahópnum ætluðu að sækja hann en ekkert hefur gerst. Erna býðst til að sækja völlinn og koma honum að skólanum.

- Lilja bendir á að hægt væri að rukka gjöld í foreldrafélaginu og safna þannig smá sjóði sem nýta megi til að bjóða foreldrum upp á ýmsa fræðslu.

Fundi slitið kl. 9:40.

Fundargerð ritaði Sunna.